

ÞRJÁR GERÐIR JÓMSVÍKINGA SÖGU

1. Inngangur

JÓMSVÍKINGA SAGA er meðal elstu íslensku sagna og líklegast fyrst rituð snemma á 13. öldinni, jafnvel þegar um 1200.¹ Sagan er tiltölulega stutt, atburðarásin hröð með gamansömu yfirbragði og lýsingar eru á köflum grófar. Í sögunni er engin ein hetja í forgrunni heldur goðsagnakenndur hópur danskra víkinga sem er kenndur við Jónsborg á Vindlandi og í bakgrunni kraumar deila milli valdhafa Danmerkur og Noregs. Hámarki nær sagan í bardaganum við Hjörungavog þar sem Jómsvíkingar lúta í lægra haldi fyrir Hákonni jarli og mönnum hans. Í framhaldinu tekur böðull Hákonar nokkra Jómsvíkinga af lífi. Í lýsingum á aftökunni koma einkenni sögunnar vel fram, víkingarnir horfast í augu við dauðann með gamanmál eða grófyrði á vörum og blikna ekki eitt andartak.

Fáar íslenskar sögur eru varðveittar á jafn fjölbreyttan hátt á miðöldum og *Jómsvíkinga saga*. Söguna má finna í alls fjórum skinnhandritum og ekkert þeirra varðveittir sömu gerð sögunnar. Í öllum tilvikum er þó meginsögupræði fylgt en í ýmsum smærri atriðum má finna töluverðan breytileika milli gerðanna. Þetta vekur ýmsar spurningar um tilgang og þróun textans. Hvernig kom þessi breytileiki til og hvað getur skýrt hann? Ekki er unnt að svara þessum spurningum fyllilega en nánari athugun á eðli breytinganna getur þó veitt nokkra innsýn í umhverfið sem sögugerðirnar spretta úr. Hér verður varðveisla *Jómsvíkinga sögu* í miðalda-handritum gaumgæfð frekar með sérstakri áherslu á þrjár gerðir sögunnar. Fyrst verður sjónum beint að varðveittum handritum og rannsóknum á tengslum þeirra. Nokkrar tilgátur hafa verið settar fram um vensl handrita í stemma en tímabært er að spyrja hverju sú aðferð skilar þegar kemur

1 Þessi grein er unnin upp úr doktorsritgerð minni og að hluta til byggð á 2. kafla hennar, sjá nánar Þórdís Edda Jóhannesdóttir, „Jómsvíkinga saga. Sérstaða, varðveisla og viðtökur,“ (Doktorsritgerð, Háskóli Íslands, 2016). Ég þakka sérstaklega Ármanni Jakobssyni og Sverri Tómassyni afar gagnlegar ábendingar. Ritrynum þakka ég góðar athugasemdir við ritun þessarar greinar.

að gerðum *Jómsvíkinga sögu*. Þá verða þær þrjár miðaldagerðir sögunnar bornar sérstaklega saman til þess að útskýra betur þann mun sem má finna milli gerða. Að lokum er kannað hvaða vísbendingar breytileiki gerðanna þriggja gefur um afstöðu viðtakenda til sögunnar, hvort sem það á við um skrifarana sjálfa eða njótendur sögunnar. Þessi athugun varpar ljósi á frelsi sagnaritara og beinir sjónum að því hvernig umhverfi þeirra og menning á hverjum tíma getur upp að vissu marki endurspeglast í breytileika einstakra sagna.

2. Handrit *Jómsvíkinga sögu* og tengsl þeirra

Jómsvíkinga saga er varðveitt sjálfstæð og að mestu leyti heil í þremur skinnhandritum, AM 291 4to, Holm perg 7 4to og AM 510 4to. Þá er hún varðveitt í tveimur hlutum í *Ólafs sögu Tryggvasonar* í *Flateyjarbók*, GKS 1005 fol. Heimildir eru til um eitt skinnhandrit sögunnar enn sem Arngrímur lærði hafði tiltækt þegar hann þýddi söguna á latínu. Það handrit hefur síðan glatast en ljóst er af þýðingu Arngríms að handritið hefur geymt fimmtu gerð sögunnar. Af handritaskráum að dæma eru pappírsuppskriftir sögunnar 26 talsins, flestar þeirra eru afrit Holm perg 7 4to og AM 510 4to. Engin uppskrift AM 291 4to hefur varðveist.²

Elst handritanna er AM 291 4to (291) sem í handritaskrá Kálunds er tímasett til um 1300 en Hreinn Benediktsson tiltekur með handritum frá seinni hluta þrettándu aldar í *Early Icelandic Script*.³ Peter Foote taldi ljóst að forrit 291 hafi verið nokkuð eldra vegna fjölda fornlegra mál- og skriftar-einkenna og því hafi það verið ritað eigi síðar en 1230.⁴ Handritið er 38 blöð og geymir aðeins *Jómsvíkinga sögu*. Það er ekki alveg heilt því að í það vantar tvö blöð, skorið hefur verið neðan af áttunda blaði og auk þess eru rifur og göt hér og hvar. Þá er handritið dökkt og illlæsilegt sums staðar. Þessi gerð sögunnar liggur til grundvallar útgáfu Ólafs Halldórssonar

2 Þórdís Edda Jóhannesdóttir og Veturliði Óskarsson, „The Manuscripts of *Jómsvíkinga saga*,“ *Scripta Islandica* 65 (2014): 12–22.

3 Kristian Kálund, *Katalog over Den Arnemagnæanske Håndskriftsamling I* (København: Gyl-dendal, 1889), 838; Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script: As Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*. Íslensk Handrit, 2 (Reykjavík: Manuscript Institute of Iceland, 1965), 14–15.

4 Peter Foote, „Notes on Some Linguistic Features in AM 291 4to,“ *Íslensk tunga* 1959: 28–29.

frá 1969. Framsetning efnisins í þessari gerð sögunnar hefur leitt til þess að henni er oft skipt í *fyrri* og *seinni* hluta og verða skilin við upphaf áttunda kafla. Fyrri hlutinn er því aðeins um þriðjungur allrar sögunnar. Í fyrri hlutanum er fjallað um Danakonunga frá Gormi hinum barnlausa til Haralds Gormssonar. Þá er meðal annars fjallað um svik Hákonar jarls við Harald Gráfeld og Gull-Harald, sagt frá dauða Gunnhildar konungamóður og skýrt frá því þegar Danmörk var kristnuð fyrir tilstilli Ótta keisara og Poppa biskups í kjölfar bardaga við Ótta og Ólaf Tryggvason sem var í liði hans. Í áttunda kafla má segja að eiginleg saga Jómsvíkinga hefjist þar sem Tóki, afi Pálnatóka sem síðar stofnar Jómsborg, er kynntur til sögunnar. Orð sögumannsins skýra hins vegar þessa skiptingu í fyrri og seinni hluta þegar segir: „Nú hefst upp annar þáttur sögunnar, sá er fyrr hefir verið en þetta væri fram komið, og má eigi einum munni allt senn segja.“⁵ Þessa klausu er ekki að finna í öðrum gerðum.

Litlu yngra en 291 er handritið Holm perg 7 4to (Perg 7) en flest bendir til að það sé ritað á fyrstu áratugum fjórtándu aldar.⁶ Upphaflega var handritið stærri bók, hluti hennar er nú AM 580 4to en hluti hefur glatast. Það er nú alls 58 blöð. Í handritinu eru einkum sögur sem teljast til fornaldarsagna og rómansa en auk þess *Egils saga Skalla-Grímsssonar* þó að aðeins upphaf hennar sé varðveitt í handritinu nú. *Jómsvíkinga saga* stendur á milli *Hrólfs sögu Gautrekssonar* og *Ásmundar sögu kappabana*, á blöðum 27v–39r. Sagan er hér talsvert styttri en í 291, niðurskurðurinn felst yfirleitt í því að umorða atburði í styttra máli en þó vantar einnig stóran hluta úr fyrri hluta sögunnar eins og betur verður vikið að á eftir.

Flateyjarbók geymir texta *Jómsvíkinga sögu*, náskyldan 291, og þar er sagan felld inn í sögu Ólafs Tryggvasonar. Partur af fyrri hluta sögunnar er varðveittur á blöðum 13r–14r en sá síðari á 20v–27r. Þar á milli eru „Þáttur Ottó keisara og Gorms konungs“ og „Þáttur Þrándar og Sigmundar“ sem samsvarar fyrstu 26 köflum *Færeyinga sögu* ef miðað er við útgáfu Íslenzkra fornrita. Þáttur Ottó keisara og Gorms konungs tilheyrir einnig að einhverju leyti *Jómsvíkinga sögu* því að efni hans kallast á við 6. og 7. kafla

5 *Jómsvíkinga saga*, útg. Ólafur Halldórsson (Reykjavík: Prentsmiðja Jóns Helgasonar, 1969), 100.

6 Vilhelm Gödel, *Katalog öfver Kongl. bibliotekets fornisländska och fornorska handskrifter* (Stokk-hólmur, 1897–1900), 45–46; Gustaf Cederschiöld, *Jómsvíkinga Saga: Efter Skinnboken 7, 4to å Kungl. Biblioteket i Stockholm* (Lundur, 1875), ii; Þórdís Edda Jóhannesdóttir, „Jómsvíkinga saga,“ 26–27.

Jómsvíkinga sögu en er lengri og um margt ólíkur. Í síðari hluta sögunnar, frá og með 8. kafla, er texti *Flateyjarbókar* og 291 nokkuð samhljóða.

Yngst skinnhandrita *Jómsvíkinga sögu* er AM 510 4to (510) sem líklegast hefur verið ritað nálægt miðri 16. öld. Handritið er alls 96 blöð og sagan stendur á blöðum 38v–67r. Í þessu handriti hefst sagan á öðrum stað en í eldri handritum, eða við upphaf 8. kafla og því hefur fyrri hluta sögunnar verið sleppt. Þessi sögugerð er þó um margt svipuð 291 en textinn hefur verið aukinn og varðveitir einnig fleiri kvæði en aðrar gerðir.⁷ Í handritinu eru sjö aðrar sögur: *Víglundar saga*, *Bósa saga* og *Herrauðs*, *Jarlmanns saga* og *Hermanns*, *Þorsteins þáttur bæjarmagns*, *Finnboga saga ramma*, *Drauma-Jóns saga* og *Friðþjófs saga frækna*. Lítið er vitað um uppruna 291 og Perg 7 en aðra sögu er að segja um 510 því að nokkrir fræðimenn hafa beint sjónum sínum að skrifurum handritsins, meðal annarra Jón Helgason, Ólafur Halldórsson og Stefán Karlsson. Samanlögð niðurstaða þeirra er sú að tveir eða þrír hafi skrifað handritið, feðgarnir Ari Jónsson prestur frá Súgandafirði og synir hans Tómas og Jón.⁸ Karl Ó. Ólafsson rannsakaði skrift handritsins rækilega í meistaraþrófsritgerð sinni og komst að þeirri niðurstöðu að þeir hafi allir þrír skrifað handritið.⁹

Hluta af efni *Jómsvíkinga sögu* má þar að auki finna í öðrum frásögnum frá þrettándu og fjórtándu öld, einkum *Heimskringlu*, *Fagurskinnu* og *Ólafs sögu Tryggvasonar hinn mestu*. Bergmál af einstökum atburðum má einnig greina í *Dana sögu Saxa*. Tengsl allra þessara texta og einstakra gerða *Jómsvíkinga sögu* eru flókin og ógerningur að rekja þau eins og um bein rittengsl geti verið að ræða. Þetta verður ljóst þegar rýnt er í eldri rannsóknir á venslum varðveittra gerða og tilraunum til þess að setja þau fram í stemma. Ekki er rými til þess að ræða þær niðurstöður í þaula hér en þó er rétt að tæpa á nokkrum atriðum til frekari glöggvunar.

7 *Hákonardrápu* Tinds Hallkelssonar er til að mynda að finna í AM 510 4to en af ellefu varðveittum vísu og vísuþingum eru átta eingöngu varðveittar þar, sjá Russell Poole, „(Introduction to) Tindr Hallkelsson, *Hákonardrápa*,“ *Poetry from the Kings' Sagas: From Mythical Times to c. 1035*. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 1. Útg. Diana Whaley (Turnhout: Brepols, 2012), 336.

8 Jón Helgason, „Nokkur íslensk handrit frá 16. öld,“ *Skirnir* 106 (1932): 161–168; Ólafur Halldórsson, *Helgafellsbækur fornar*, *Studia Islandica*, 24 (Reykjavík: Heimskedeild Háskóla Íslands og Bókautgáfa Menningarsjóðs, 1966), 25–26; Stefán Karlsson, „Bókagerð Ara lögmanns Jónssonar,“ *Gripla* 19 (2008): 12–13.

9 Karl Ó. Ólafsson, „Þrír feðgar hafa skrifað bók þessa ... Um þrjár rithendur í AM 510 4to og fleiri handritum,“ (MA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2006).

Aldur *Jómsvíkinga sögu* hefur verið umdeildur þó að raunar hafi flestir komist að þeirri niðurstöðu að sagan hafi fyrst verið rituð nálægt 1200. Aftur á móti hefur lítil eining ríkt um hver gerðanna endurspegli elstu gerð sögunnar. Auðvelt er að draga þá ályktun að gerðin í 291 hljóti að vera elst þar eð hún er varðveitt í handriti frá 13. öld. Þetta er meðal annars niðurstaða Bjarna Aðalbjarnarsonar, N. F. Blake og Ólafs Halldórssonar.¹⁰ Þessa niðurstöðu hef ég einnig rökstutt og mun víkja betur að hér á eftir. Aðrar ályktanir hafa verið rökstuddar og raunar hafa allar gerðirnar verið nefndar sem fulltrúar elstu gerðar. Finnur Jónsson og Lee M. Hollander töldu að Perg 7 væri fulltrúi elstu og bestu gerðarinnar, Sofus Larsen færði rök fyrir að 510 varðveitti elstu gerð textans en G. A. Gjessing benti á að samviskusemi og nákvæm vinnubrögð Arngríms lærða væru meðal annars rök fyrir því að hann hefði ótvírætt þýtt söguna eftir bestu og elstu gerðinni.¹¹ Gustav Storm tók undir röksemdarfærslu Gjessing.¹² Í niðurstöðum sínum og stemma gerir John Megaard ráð fyrir að aldursröð sagnagerðanna sé sem hér segir: Þýðing Arngríms, 510, *Flateyjarbók*, Perg 7 og 291.¹³ Að mati Megaard er elsta handritið því fulltrúi yngstu gerðarinnar.

Þá má einnig geta umræðunnar um uppruna fyrsta hluta sögunnar. Sumir voru þeirrar skoðunar að fjarvera fyrsta hlutans í 510 gæti verið til marks um að hann hafi alls ekki verið í sögunni upphaflega.¹⁴ Aðrir færðu hins vegar rök fyrir því að þessir kaflar væru nauðsynlegur inngangur

10 Bjarni Aðalbjarnarson, *Om De Norske Kongers Sagaer*. Norske Videnskaps-akademi I Oslo. II, Historisk-filosofisk Klasse. Skrifter (Oslo: Dybwad, 1937), 203; N. F. Blake, „Introduction,” *The Saga of the Jomsvikings*, útg. N. F. Blake (London: Thomas Nelson, 1962), xix; Ólafur Halldórsson, „Inngangur,” *Jómsvíkinga saga* (Reykjavík: Prentsmiðja Jóns Helgasonar, 1969), 21.

11 Finnur Jónsson, *Den Oldnorske og Oldislandske Litteraturs Historie*. 2. útg. (Kaupmannahöfn: Gad, 1920), 655–656; Lee M. Hollander, „Studies in the *Jómsvíkingasaga*,” *Arkiv för nordisk filologi* 33 (1917): 210; Sofus Larsen, „Jomsborg, dens Beliggenhed og Historie,” *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie* III (1927–1928): 57–58; G. A. Gjessing, „Forord,” *Jómsvíkinga-saga i latinsk oversættelse af Arngrim Jonsson*, útg. G. A. Gjessing (Kristianssand, 1877), xvii.

12 Gustav Storm, „Om redaktionerne af *Jómsvíkingasaga*,” *Arkiv för nordisk filologi* I (1883): 244–245.

13 John Megaard, „Studier i *Jómsvíkinga sagas* stemma: *Jómsvíkinga sagas* fem redaksjoner sammanlignet med versionene i *Fagrskinna*, *Jómsvíkingadrápa*, *Heimskringla* og *Saxo*,” *Arkiv för nordisk filologi* 115 (2000): 179.

14 Carl af Petersens, „Förord,” *Jómsvíkinga saga efter Arnarnagnænska handskriften n:o 291 4to* (Kaupmannahöfn: 1882), ic; G. A. Gjessing, „Forord,” i; Finnur Jónsson, *Den Oldnorske og Oldislandske Litteraturs Historie*, 660–662.

að sögunni um Jómsvíkinga og án hans væri erfitt að skilja hvers vegna Jómsvíkingar héldu til Noregs að berjast við Hákon jarl.¹⁵

Engin eining myndaðist nokkurn tíma um niðurstöðuna og sama má segja um tilgátur um þróun textans en ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til þess að skýra þann mun sem er á gerðunum. Rækilegastar eru skýringar Heinrich Hempel og John Megaard en sá síðarnefndi byggir raunar á rannsóknum þess fyrrnefnda. Báðir reyna þeir með textasamanburði að setja fram stemma varðveittra sögugerða ásamt nokkrum öðrum textum.¹⁶ Þannig setur Megaard *Heimskringlu*, *Fagurskinnu*, *Dana sögu Saxa* og *Jómsvíkingadrápu* einnig inn í sitt stemma en Hempel hafði með í sínu semma *Ólafs sögu Odds* í AM 310 4to og *Ólafs sögu Tryggvasonar hina mestu*. Báðir gera þeir ráð fyrir að allir þessir textar séu komnir frá einum frumtexta.

Þessar aðferðir verða að teljast vafasamar þegar kemur að því að lýsa venslum varðveittra handrita *Jómsvíkinga sögu* og skyldra texta. Fyrst ber að geta þess að *Dana saga Saxa* á hvorki heima í þessum samanburði né í stemma *Jómsvíkinga sögu* líkt og hjá Megaard. Haraldur Gormsson á vissulega sinn kafla í tíundu bók *Dana sögu* og þar koma hér og hvar fram persónur sem eru í *Jómsvíkinga sögu* eins og Knútur bróðir hans og Hákon jarl. Þá er sagt frá miklu liði sjóræningja í borginni Iulin og nefndir á nafn þeir Bo, Ulff, Karlshefni og Siualdus.¹⁷ Haraldur fær aðstoð þessara sjóræningja í bardaga við Hákon í Noregi og þeir lúta í lægra haldi þegar Hákon hefur fórnað tveimur sonum sínum og fengið þannig aðstoð guðanna. Þessi frásögn minnir vissulega á bardagann í Hjörungavogi og byggir áreiðanlega á sömu arfsögn en hér er ekki að finna Þorgerði og Irpu sem birtast í *Jómsvíkinga sögu* og þá er aðdragandi bardagans allt annar. Í *Jómsvíkinga sögu* eru Hákon og Haraldur í bandalagi framan af og það er ekki fyrr en Danmörk hefur verið kristnuð að þeir verða andstæðingar. Í *Dana sögu* eru þeir andstæðingar alla tíð. Þegar Hákon hefur haft sigur úr

15 Storm, „Om redaktionerne af *Jomsvingasaga*,“ 236–237; Gustav Indrebø, *Fagrskinna*. Avhandlingar fra universitetets historiske seminar 4 (Kristjánía, 1917), 56–57; Bjarni Aðalbjarnarson, *Om De Norske Kongers Sagaer*, 202; Eugen Mogk, *Geschichte der Norwegisch-Isländischen Literatur* (Strassburg: Trübner, 1904), 264–265.

16 Heinrich Hempel, „Die Formen der *Jómsvíkinga saga*,“ *Arkiv för nordisk filologi* 39 (1923): 1–58; Megaard, „Studier i *Jómsvíkinga sagas* stemma,“ 125–182.

17 Saxo Grammaticus, *Gesta Danorum*. *Danmarkshistorien* 1. Útg. Karsten Friis-Jensen, þýð. Peter Zeeberg (Kaupmannahöfn: Gads forlag, 2005), 623–631.

býtum birtist síðan frásögn sem minnir á aftöku Jómsvíkinga en er þó um margt frábrugðin. Við þetta má bæta að eftir bardaga Hákonar og sjóræningjanna frá Iulin er kynntur til sögunnar Toko sem er sagður mikil skytta eins og nafni hans Pálnatóki í *Jómsvíkinga sögu*. Þeir eiga það einnig sameiginlegt að hafa horn í síðu Haralds Gormssonar og leika stórt hlutverk í dauða hans. Í *Jómsvíkinga sögu* er Pálnatóki beinlínis banamaður Haralds en í *Dana sögu* veitir Toko Haraldi sár í bardaga, Haraldur flýr til vina sinna í Iulin og deyr þar af sárum sínum.¹⁸ Toko er þannig ekki hluti sjóræningjanna frá Iulin í *Dana sögu* en í *Jómsvíkinga sögu* er Pálnatóki sjálfur stofnandi Jómsborgar. Af þessum samanburði má vera ljóst að einhverjar heimildir eða arfsagnir virðast sögurnar tvær eiga sameiginlegar en hér er ekki um rittengsl að ræða, það er að eitt ritverk hafi áhrif á annað. Ótrúlegt verður að teljast að hægt sé að rekja þessar tvær sögur aftur til sameiginlegs forrits, slík ólíkindi eru með þeim.

Íslensku verkin sem greina að einhverju marki frá sömu atburðum og *Jómsvíkinga saga* eiga það öll sameiginlegt að kastljós þeirra beinist í grófum dráttum að þremur bardögum og aðdraganda þeirra: bardaga Hákonar jarls og Haralds Gormssonar við Harald gráfeld, bardaga Dana við Ótta keisara við Danavirki og kristnun Danmerkur í kjölfarið og bardaga Jómsvíkinga við Hákon jarl á Hjörungavogi. Í sumum tilvikum minnir orðalag á *Jómsvíkinga sögu*, sérstaklega í *Ólafs sögu Odds* í AM 310 4to þar sem *Jómsvíkinga saga* í sömu gerð og í 291 virðist beinlínis hafa verið notuð sem heimild¹⁹ og sama má segja um *Ólafs sögu Tryggvasonar hina mestu*, þá gerð sem er varðveitt í AM 61 fol.²⁰ Hið sama gildir um báðar þessar sögur, þær hafa allt annan tilgang en *Jómsvíkinga saga* og lítið annað að segja um skyldleika þeirra við gerðir hennar en að benda á líkindi milli þeirra á viðeigandi stöðum.

Einnig mætti spyrja hvort verið geti að þau rit sem hafa verið nefnd hér og eiga skemmri eða lengri frásagnir sameiginlegar með *Jómsvíkinga sögu*

18 Saxo Grammaticus, *Gesta Danorum. Danmarkshistorien* 1, 639.

19 Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 12; Þórdís Edda Jóhannesdóttir, „Jómsvíkinga saga,“ 22–23. Bera má saman 6. kafla og 26. kafla í *Jómsvíkinga sögu* og bls. 169–175 og 228–230 í *Ólafs sögu Odds*, útg. Ólafur Halldórsson. Íslensk fornrit 25 (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2006).

20 Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 15; Ólafur Halldórsson, *Danish Kings and the Jomsvikings in the Greatest Saga of Óláfr Tryggvason* (London: Viking Society for Northern Research, 2000), 91.

hafi mögulega byggt á eldri sagnaritum en ekki sjálfstæðri *Jómsvíkinga sögu*. *Jómsvíkinga saga* er stutt, að einhverju leyti byggð á sögulegum fyrirmyndum og atburðum en fyrst og fremst er hún saga með sínu upphafi og endi. Sjónarhornið er annað vegna þess að sagan er ekki sögð í samhengi við stærri sögu af konungum líkt og í öllum hinum ritunum. Það má gera ráð fyrir að vinnubrögð skrifara *Jómsvíkinga sögu* og sagnaritanna hafi ekki endilega lotið sömu lögmálum.

Í Perg 7 eru tvö rit nefnd sem heimildir, *Konungabók* og *Konungasögur*.²¹ Í AM 510 er auk þess vísað til Sæmundar fróða.²² Titill ritanna sem nefnd eru í Perg 7, ef um tvö er að ræða fremur en að sama ritið hafi gengið undir tveimur nöfnum, bendir til að um einhvers konar samsteypurit um konunga hafi verið að ræða. Þannig þyrfti ekki að gera ráð fyrir einni frumgerð *Jómsvíkinga sögu*, sem allar stórar og smáar frásagnir af Jómsvíkingum séu komnar frá, heldur tveimur hefðum sem þróast. Annars vegar hafi verið sagnarit þar sem efni er sett saman eftir tilgangi og hins vegar saga sem inniheldur blöndu af munnlegum arfsögnum og þekktum stefnum úr sagnaritum þegar hún er fyrst rituð en hún taki síðan breytingum eins og lýst verður hér á eftir. Þar með er þó ekki sagt að þau sagnarit sem hafa varðveist fram á okkar daga geti ekki hafa nýtt skriflega *Jómsvíkinga sögu*. Líkur benda til að *Jómsvíkinga saga* hafi þegar verið til þegar *Heimskringla* var rituð og kann vel að vera að hún hafi verið meðal heimilda en það þarf ekki endilega að gera ráð fyrir að hún hafi verið eina tiltæka heimild höfundar *Heimskringlu* um Jómsvíkinga.

Fjölbreyttar niðurstöður um gerðir *Jómsvíkinga sögu* eins og þær hafa verið raktar hér að framan endurspegla ekki síst hve flókin textageymdin er. Niðurstöðurnar eru auk þess missannfærandi og sumar ályktanir eru getgátur sem byggja fremur á bókmenntalegum smekk en vísbindingum handritanna. Í samanburði á gerðum sögunnar stillir John Megaard til dæmis saman einstökum setningum og dregur ályktanir um hvað sé eldra út frá því hvaða texti sé fyllstur eða nákvæmastur.²³ Með því á hann við að ef samanburðurinn sýni að einn texti hafi meiri upplýsingar en hinn hljóti hann að vera upprunalegri. Stemma varðveittra handrita er gagnleg

21 *Jómsvíkinga saga. The Saga of the Jomsvikings*, útg. N. F. Blake (London: Thomas Nelson, 1962), 8 og 44.

22 *Jómsvíkinga saga (efter Cod. Am. 510, 4to) samt Jómsvíkinga drápa*, útg. Carl af Petersens (Lundur: Gleerup, 1879), 54.

23 Megaard, „Studier i *Jómsvíkinga sagas* stemma,“ 135–140.

aðferð til þess að sýna skyldleika handrita og ekki er útilokað að draga upp stemma *Jómsvíkinga sögu* en gagnsemi þess er takmörkuð. Þegar kemur að *Jómsvíkinga sögu* eru gerðirnar það fjarskyldar og bítarnir sem vantar inn í myndina of margir til þess að stemma geti lýst sambandi þeirra nægilega. Ef markmiðið er að komast nær því í hverju munur gerðanna felst er lestur á hverri gerð sem sjálfstæðri einingu mun vænlegri til árangurs og líklegri til þess að veita innsýn í umhverfi og hefð sögunnar.

3. AM 291 4to og Holm perg 7 4to

Þó að hefð sé fyrir því að telja varðveittar gerðir *Jómsvíkinga sögu* fimm talsins má færa rök fyrir því að bera sérstaklega þrjár þeirra saman til þess að varpa ljósi á þróun textans og mögulegar viðtökur hans, það er 291, Perg 7 og 510. Þessar þrjár gerðir eru sjálfstæðar í þeim skilningi að þær eru skrifaðar frá upphafi til enda án nokkurra athugasemda eða stórvægilegra breytinga á byggingu, ef frá eru taldir fyrstu kaflarnir sem ekki eru í 510. Þetta gildir vitaskuld einnig um þýðingu Arngríms en vegna þess að hún er þýðing frá lokum sextándu aldar og forritið er óþekkt verður samanburður á orðalagi og stíl ómögulegur og líkt og Jakob Benediktsson benti á er ómögulegt að vita hvort frávik frá öðrum gerðum í þýðingunni komi beinlínis frá Arngrími sjálfum eða úr forriti.²⁴ Í *Flateyjarbók* er *Jómsvíkinga saga* á hinn bóginn hluti af stærra samhengi.²⁵ Þó að hægt sé að taka textann út úr *Flateyjarbók* og prenta sem sjálfstæða sögu yrði það alltaf upp að vissu marki tilbúin eða endurgerð saga. Sannarlega er orðalag á köflum mjög líkt á síðari hluta 291 og síðari þætti *Jómsvíkinga* í *Flateyjarbók*, en heildin er ólík. Líkt og gildir um þýðingu Arngríms er forrit textans í *Flateyjarbók* óaðgengilegt og sagan hefur þar öðlast annan tilgang; hún er saga í sögu.²⁶

24 Jakob Benediktsson, *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta* 4. Bibliotheca Arnarnagana 12 (Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1957), 121.

25 Fyrir nánari umræðu um þættina í *Ólafs sögu Tryggvasonar* í *Flateyjarbók* sjá Elizabeth Ashman Rowe, *The Development of Flateyjarbók. Iceland and the Dynastic Crisis of 1389* (Odense: The University Press of Southern Denmark, 2005), 33–97.

26 Það væri vissulega vert að kanna nákvæmar hvernig *Jómsvíkinga saga* er meðhöndluð af skrifurum *Flateyjarbókar* en það er utan ramma þessarar rannsóknar. Niðurstöður hennar má þó nýta til framhaldsrannsókna í samhengi við aðrar rannsóknir á sögum *Flateyjarbókar* eins og til dæmis niðurstöður Lárusar H. Blöndals um *Sverris sögu*, sjá *Um uppruna Sverris sögu* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1982), 19–29; Þórdís Edda Jóhannesdóttir, „*Jómsvíkinga saga*,“ 30.

Ef aðeins er litið til gerðanna þriggja sem hafa varðveist sjálfstæðar á íslensku í miðaldahandritum og þær metnar óháð fyrri rannsóknum og tilgátum um stemma birtist jarðvegur fyrir nýjar túlkanir á þróun sögutextans. Sem fyrr segir er texti Perg 7 umtalsvert styttri en í 291. Svo virðist sem textinn þar hafi verið stytur fremur en að aukið hafi verið við 291 sem styður jafnframt að gerðin í 291 sé eldri. Þessi niðurstaða er best skýrð með nokkrum dæmum úr textunum þar sem orðalag er svipað en svo virðist sem orðum hafi markvisst verið eytt eða skipt út í Perg 7 án þess að merkingin breytist.²⁷

AM 291 4to

- a) ...og lét síðan sveininn vatni ausa og nafn gefa og kallaði Knút. En það var fyrir þá sök er fingurgullið hafði knýtt verið í enni sveininum þá er hann fannst, og tók konungur þar nafn af, það er hann gaf sveininum (62).
- b) En þar skaltu sofa í vetrarnátt hina fyrstu og þrjár nætur í samt, og mundu glöggst ef þig dreymir nokkvað og send síðan menn á minn fund, að þeir segi mér drauma þína ef nokkorir eru, og mun eg þá að kveða fyrir þeim, hvort þú skalt fá þetta ráð eða eigi (64).
- c) Og er hún hafði heyrt draumana, þá mælti hún: 'Nú skulu þér hér vera svo lengi sem þér vilið sjálfir. En þér megið svo segja konungi yðrum, að eg mun ganga með honum' (65).
- d) En Haraldur var fæddur heima með hirð föður síns. Hann var þeirra bræðra mjög miklu yngri,

Holm perg 7 4to

- ...ok lét svein ausa vatni ok kalla Knút af því at gull var knýtt um enni hans (1–2).
- En þar skaltu sofa í vetrarnótt hina fyrstu ok þrjár nætr í samt. Ok mun þú glöggst ef þik dreymir nokkut ok lát segja mér. Mun ek þá segja sendimönnum hvárt þú skalt vitja þessa ráðahags eða eigi (2).
- En er hon hefir heyrt drauma, þá mælti hon at þeir segði konungi at hon mun ganga með honum (3).
- Haraldr var heima með hirðinni ok hinn óvinsælsti í uppruna sínum (4).

²⁷ Í sviga fyrir aftan dæmin hér er vísað til blaðsíðutals í útgáfum Ólafs Halldórssonar á AM 291 4to og N. F. Blake á Holm perg 7 4to.

og var snemmendis ýgur og æfur
og illur viðskiptis, og varð hann
fyrir því óvinsæll í sínum upp-
runum (68).

- | | |
|---|--|
| <p>e) Tóki faðir þeirra hefir þá verið gamall að aldri er þetta var. Og eitt hvert haust um veturnáttaskeið, þá tók hann sótt og andaðist úr sóttinni. Eigi liðu og langar stundir áður Þórvör tók sótt og andaðist, kona Tóka (101).</p> | <p>Tóki var þá gamall ok tók hann sótt ok andaðisk; litlu síðarr Þórvör, kona hans (8).</p> |
| <p>f) Nú slítur þar hjali, og býst Sigurður til þessar ferðar og hefir eitt skip og sex tigu manna, og fer síðan þar til er hann kömur til Gautlands, og tekur Óttar jarl vel við honum (104).</p> | <p>Nú býsk Sigurðr heiman. Hann hafði eitt skip ok sex tigi manna, ok ferr norðr til Gautlands (9–10).</p> |

Mörg dæmanna sýna ótvíræð merki um skyldleika textanna tveggja, eins og orðalagið „veturnótt hina fyrstu og þrjár nætur í samt“ í b) og „eitt skip og sex tigu manna“ í f). Í öllum þessum tilvikum er texti Perg 7 knappari án þess að efnislegar breytingar séu stórvægilegar. Þessi tilteknu dæmi benda eindregið til að texti Perg 7 hafi verið stytur fremur en að 291 hafi verið lengdur. Stærri breytingar má einnig finna. Efni 4., 5., 6. og 7. kafla *Jómsvíkinga sögu* í 291 er nánast öllu sleppt í Perg 7, það er þegar sagt er frá samskiptum þeirra Hákonar jarls og Haralds Gormssonar og hvernig þeir losa sig við Gull-Harald, Harald gráfeld og Gunnhildi konungamóður. Í Perg 7 er aðeins tæpt á þessu í 6. kafla miðað við útgáfu Blake; hluti efnisins er til að mynda útskýrður svo:

Þenna vetr settu þeir Haraldr konungr Gormsson ok Hákon jarl vélræði um Harald, Nóregs konung, ok móður Haralds, Gunnhildi. Ok um vórit sviku þeir hann í Limafirði eptir því sem segir í Konungabók at Gull-Haraldr feldi Harald. En Hákon jarl lét síðan festa Gull-Harald á gálga. En síðan tók Hákon jarl við einvaldi yfir Nóregi ok skyldi gjalda skatta Danakonungi (8).

Hér fylgjast gerðirnar ekki að en höfundur Perg 7 hefur þó ljóslega kunnað rækilegri frásögn af þessum atburðum eins og orðin „eptir því sem segir í Konungabók“ benda til.²⁸ Þessar breytingar vekja spurningar um ætlun eða ásetning höfundar Perg 7.

Hvernig getur staðið á því að sögugerðirnar tvær fylgjast efnislega að fram að því sem telst 4. kafla í 291 og síðan aftur frá og með 8. kafla? Er hægt að ímynda sér eitthvert tilefni til þess að sleppa því sem samsvarar köflum 4–7 í 291, endursegja efnið í afar stuttu máli og vísa síðan til annarra rita? Einn möguleiki er sá að höfundi hafi þótt þessi hluti útúrdúr í sögu Jómsvíkinga og ekki eiga heima í sögu sem kennd er við þá.²⁹ Það er raunar athyglisvert að höfundur Perg 7 hafi sleppt svo stórum hluta af fyrstu köflunum en séð ástæðu til þess að halda því sem þó stendur eftir af fyrsta hlutanum. Það mælir gegn því að honum hafi ekki þótt allt efni fyrsta hlutans standa í nægilegu samhengi við sögu Jómsvíkinga.

Því er fróðlegra að kanna hvort efnið geti borið frekari vitni. Í upphafi er í báðum sögum greint frá konunginum Gormi sem tekur að sér barn sem fannst úti í skógi. Í Perg 7 og *Flateyjarbók* gat jarlinn Arnfinnur son við systur sinni; Arnfinnur hafði því látið bera barnið út.³⁰ Báðar gerðir greina síðan frá Gormi hinum gamla, draumum hans og kvonfangi, sonum og örlögum þar til Haraldur Gormsson tekur við ríki. Þessi hluti er því eins konar inngangur eða kynning á konungi sem á eftir að leika mikilvægt

28 Hér er rætt um *höfund* Perg 7 sem þann óþekkta mann (eða menn) sem er ábyrgur fyrir breytingum á sögunni. Ljóst er að það er vandkvæðum háð að nota höfundarhugtakið í þessu sambandi en hér er það notað óháð nútímaskilningi orðsins heldur um skrifara sem tekur ásvitandi ákvarðanir um að breyta texta. Hugtakið er vissulega óljóst í umræðu um miðaldatexta og getur verið erfitt að draga mörkin milli skrifara, ritstjóra og höfundar sem geta verið þrír ólíkir menn en mögulega einn og sami maðurinn í einhverjum tilvikum. Hér er ekki ástæða til að ræða efnið í þau en vísað til frekari umræðu til glöggvunar, sjá til dæmis Sverrir Tómasson, „Er nýja textafræðin ný?“ *Gripla* 13 (2002): 199–216, hér 205–206. Sjá einnig Sverrir Tómasson, „*Höfundr—Skáld: Author, Compiler, and Scribe in Old Norse Literature*,“ *Modes of Authorship in the Middle Ages*, ritstj. Slavica Ranković, 236–250 (Toronto: Pontifical Institute of Mediaeval Studies, 2012) og Else Mundal, „Modes of Authorship and Types of Text in Old Norse Culture,“ *Modes of Authorship in the Middle Ages*, ritstj. Slavica Ranković, 211–226 (Toronto: Pontifical Institute of Mediaeval Studies, 2012). Ekki er endilega víst að Perg 7 sé fyrsta handrit þessarar gerðar en hér er það notað bæði sem heiti á handriti og heiti á gerð.

29 Sagan er ótvírætt kennd við þá í handritinu: „her hefur upp Iomsuikinga saugu“ segir í upphafi bl. 27v.

30 Ekki er hægt að fullyrða að þannig hafi þetta einnig verið í 291 því að fyrsta blaðið vantar í handritið en hér er frásögn *Flateyjarbókar* fylgt sem stendur næst 291.

hlutverk í sögu Jómsvíkinga. Á hinn bóginn er dregið úr lýsingum þegar þar er komið sögu miðað við 291 þannig að í fyrstu köflunum í Perg 7 er saga Gorms stærri að vöxtum en saga Haralds, ólíkt 291. Hér kann að vera að höfundur Perg 7 hafi þótt efniviður þessara kafla nógu þekktur og því hafi dugað að geta atburðanna í stuttu máli og vísa síðan til „Konungabókar“. Hér að framan er þess getið hvernig hann lýsir samskiptum Haralds Gormssonar og Hákonar jarls við Harald gráfeld og frásögnin af kristni-tökuinni í Danmörku er stutt:

Litlu síðarr kom Otta keisari af Saxlandi til Danmerkr með miklu liði ok þá kom Ólafr Tryggvason til liðs við hann. Þeir brutu Harald konung til kristni ok Hákon jarl. Var þá kristnuð öll Danmörk. En Hákon jarl gekk aptr til heiðni þegar hann kom aptr til Nóregs og galt aldri skatta síðan (8).

Hér er því ekkert nánar um bardagana sem Haraldur og Hákon áttu við Ótta keisara og Ólaf eða um fall Danavirkis og jartegnr Poppa biskups en frá öllu þessu er greint í 291. Þessi stutta samantekt í Perg 7 á þeim atburðum sem verða í 4.–7. kafla 291 er ekki gildishlaðin. Þó að þess sé getið að Haraldur Gormsson og Hákon jarl hafi beitt vélræðum og svikið Harald gráfeld er frásögnin svo knöpp að ef viðtakendur þekktu söguna ekki hljóta þeir engar nánari skýringar á framferði þeirra Haralds og Hákonar. Í 291, þar sem frásögnin er miklu rækilegri, verður ljóst að mynd Haralds Gormssonar og Hákonar jarls er neikvæðari.

Ólafur Halldórsson taldi að breytingarnar á Perg 7 hafi verið ætlaðar til þess að „milda ótuktarskapinn í garð Danakonunga“.³¹ Frásögnin í 291 sem felld er niður í Perg 7 lýsir konungi og jarli sem leggja á ráðin til þess að losa sig við helstu keppinauta sína: Haraldur Gormsson ryður úr vegi Gull-Haraldi sem átti tilkall til krúnunnar og Hákon ryður úr vegi Haraldi gráfeldi og Gunnhildi móður hans og fær þar með vald yfir Noregi þó að hann sé um sinn skattskyldur Danmörku. Frásögnin fegrar ekki mynd þeirra. Gunnhildur og Haraldur gráfeldur koma til Danmerkur í þeirri góðu trú að Haraldur Gormsson ætli að kvænast Gunnhildi en raunin verður sú að Haraldur gráfeldur er drepinn í bardaga og Gunnhildi er drekkt í mýri.³² Þá er einnig látið liggja milli hluta í Perg 7 hvernig bardag-

³¹ Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 21.

³² Sjá, *Jómsvíkinga saga*, 77–84.

inn við Ótta keisara og Ólaf Tryggvason fer fram og hvernig Hákon bregst við eftir kristnitökuna þegar hann herjar á Gautland á leið sinni frá Danmörku til Noregs.³³ Strax í kjölfarið kemur í 291 frásögn af því þegar Haraldur Gormsson ætlar að herja á Ísland vegna níðs sem Íslendingar hafa ort um konunginn. Þessa er að engu getið í Perg 7.

Munurinn á gerðunum kann að lýsa hugmyndafræði þeirra sem settu saman söguna. Sögugerðin í Perg 7 virðist hafa sprottið úr umhverfi þar sem konungsvald er virt eða að minnsta kosti ríkir virðing fyrir valdhöfum, en sá sem setti saman söguna í 291 hefur kært sig kollóttan um slíka virðingu. Í umræðu um *Jómsvíkinga sögu* er algengt að finna það viðhorf að sagan sýni fjandsamlegt viðhorf til konungsvaldsins.³⁴ Torfi H. Tulinius hefur aftur á móti fært rök fyrir því að sagan leiði í ljós mikilvægi konungsvaldsins og þá niðurstöðu hef ég stutt með greiningu á persónum og atburðum sögunnar.³⁵ Neikvætt viðhorf sögunnar beinist gegn einstökum konungum en ekki konungsvaldinu sem slíku. Munur á viðhorfi til konunga í þessum tveimur sagnagerðum birtist ef til vill skýrast í því hvernig dauða Haralds Gormssonar er lýst og rennir stoðum undir þá ályktun að farið sé hratt yfir sögu í fyrstu köflunum til þess að milda viðhorf til konunga, sérstaklega þó Haralds Gormssonar.

Um aðdraganda dráps Haralds eru gerðirnar nokkuð samhljóða. Haraldur á í bardaga við Svein son sinn en dregur sig í hlé vegna myrkurs. Hann hefur króað lið Sveins af inni í vogshotni, er því í lykilstöðu og heldur upp á land ásamt nánustu mönnum sínum. Þeir fara inn í skóg og orna sér við eld. Í framhaldinu kemur í 291 hin alræmda lýsing á því þegar Pálnatóki drepur Harald:

En konungurinn í annan stað bakast við eldinn og bakar bring-spöluna á sér og er kastað undir hann klæðum, og stendur hann á knjánum og ölbogunum og lýtur hann niður mjög við, er hann bakast við eldinn. Hann bakar og við axlirnar, og ber þá upp við mjög stjölinn konungs. Pálnatóki heyrði görla mál þeirra, og þar

33 Sjá, *Jómsvíkinga saga*, 97–98.

34 Sjá t.d. Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 52–53; Melissa Berman, „The Political Sagas,“ *Scandinavian Studies* 57 (1985): 116–117. Sbr. D. A. Miller, *The Epic Hero* (Baltimore: John Hopkins University Press, 2000), 38.

35 Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, þýð. Randi C. Eldevik (Odense: Odense University Press, 2002), 210; Þórdís Edda Jóhannesdóttir, „Jómsvíkinga saga,“ 134–143.

kennir hann görla mál Fjölnis föðurbróður síns. Og nú leggur hann ör á streng og skýtur hann til konungsins, og er svo sagt af flestum fræðimönnum, að örin flýgur beint í rassinn konunginum og eftir honum endilöngum og kom fram í munninn, og fellur konungurinn þegar á jörð niður örendur, sem von var. En förunautar hans sjá hvað í hafði gerzt og þótti þetta öllum vera hið mesta býsn (119).

Í Perg 7 er atburðinum lýst þannig:

Konungr afklæðisk ok bakask. Pálna-Tóki sér eldinn í skóginn; ferr hann þar í svig við; þekkir mennina; leggr nú or á streng; ok skýtur gegnum Harald konung. Fell hann þegar dauðr niðr. Pálna-Tóki snýr þegar aptr til liðs síns, en förunautar Haralds konungs styrma yfir honum (14).

Ljóst er að fyrri tilvikið býður upp á fleiri tækifæri til túlkunar. Líkamsstaða konungsins þykir mikilvæg í annarri frásögninni en í hinni ekki frásagnarverð. Auðvelt er að ímynda sér ástæðu þessa mismunar, annars vegar er dauðdaganum lýst á niðurlægjandi og hjákátlegan hátt, hins vegar hlutlausan og allt að því kurteislega í samanburði, sem kemur vel heim og saman við orð Ólafs Halldórssonar um að ótuktarskapurinn í garð konunga hafi verið mildaður í þessari gerð. Þetta tilvik sýnir svo ekki verður um villst að á einhverjum tímapunkti hefur einhver ákveðið að draga úr frásögninni hér þannig að lýsingin á dauða Haralds verður ekki jafn þrungin merkingu. Erfitt er að líta fram hjá skemmtanagildinu því að þrátt fyrir að mögulega hafi dráp Haralds í 291 vakið hneykslun er jafnauðvelt að ímynda sér að fólk á öllum tímum skemmti sér yfir örlögum konungsins. Það er á hinn bóginn fátt sem bendir til þess að dauði Haralds í Perg 7 geti á einhvern hátt vakið kátinu njótenda sögunnar.

Ef þessi munur á dauða Haralds er settur í samhengi við muninn á fyrstu köflum sögunnar, sem fjallað var um hér að framan, má finna ákveðinn hugmyndafræðilegan þráð í afstöðu höfundanna til Haralds Gormssonar. Breytingar þær sem birtast í Perg 7 benda til að höfundur hafi borið virðingu fyrir konungi og þess vegna valið sér hlutlægari frásagnarhátt. Í Perg 7 eru þó engar viðbætur til þess gerðar að fegra mynd konungsins og ef 291 væri ekki til samanburðar kæmu þessar vangaveltur ekki til greina.

Af samanburði Perg 7 og 291 virðast þannig tvær ástæður stjórna för þegar sögunni var breytt í Perg 7. Annars vegar er orðum eytt þannig að sama efni er sett fram án þess að merking eða atburðarás breytist mikið. Hins vegar er texti stytur eða honum breytt þannig að merkingin verður önnur. Þar er ekki hægt að útiloka áhrif frá öðrum heimildum, þar sem höfundur hefur ákveðið að fylgja öðrum ritum en *Jómsvíkinga sögu*. Frásögnin af drápi Haralds er þó þannig að líklegt verður að teljast að breytingin sé komin frá þeim sem útbjó sögugerðina í Perg 7. Atburðarásin er í meginatriðum eins, Pálnatóki fer einn inn í skóg og skýtur Harald úr launsátri þar sem hann bakast við eld ásamt föruneysi sínu, en kynferðislegum skírskotunum er sleppt í Perg 7 og konungur er ekki niðurlægður á sama hátt.

4. AM 510 4to

Með samanburði á Perg 7 og 291 birtist tilhneiging til þess að draga úr lýsingum og gera frásögnina hlutlægari í Perg 7. Í því ljósi er áhugavert að líta til AM 510 4to. Þar er vitaskuld ekki hægt að taka tillit til fyrsta hluta sögunnar og samanburðurinn því aðeins mögulegur frá og með 8. kafla. Sem fyrr segir er handritið frá 16. öld og í handritinu sjálfu eru fáar vísbendingar sem benda til forrits sem er miklu eldra. Þessi gerð kann því að vera ung í samanburði við hinar tvær; að þessum möguleika verður betur vikið hér á eftir. Því hefur þó verið haldið fram að þessi gerð sé mun eldri en handritið gefur til kynna, ekki síst vegna þess að sumt sem er aðeins í þessari gerð má einnig finna í Fagrskinnu. Þetta hefur þótt benda til þess að sögugerðin í 510 hafi verið heimild Fagrskinnu sem talin er rituð um 1220 og þar með vísbending um að þessi sögugerð sé eldri en frá þeim tíma.³⁶ Líkt og rakið verður hér á eftir er þó hægt að færa margvísleg rök fyrir því að gerðin í 510 hafi verið aukin ef miðað er við 291 og ekki hægt að útiloka að þau atriði sem einnig má finna í Fagrskinnu séu seinni tíma viðbætur og stafi ekki endilega af því að sögugerðin sé að stofninum til eldri en Fagrskinna.³⁷

Sá eða þeir sem sett hafa söguna saman eins og hún er í 510 virðast hafa verið á öndverðum meiði við þann sem ritaði gerðina í Perg 7. Í 510 er text-

36 Sjá t.d. Jakob Benediktsson, *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta*, 118–119.

37 Sbr. Bjarni Aðalbjarnarson, *Om De Norske Kongers Sagaer*, 201–223 og Gustav Indrebø, *Fagrskinna*, 59–80.

inn jafnan lengri en í hinum gerðunum, ýmsar viðbætur og athugasemdir má finna sem eru eins og útskýringar á því sem er ósagt látið í öðrum gerðum. Þá er ýktara hið neikvæða viðhorf til sumra persóna, þar á meðal Haralds Gormssonar. Þessar ályktanir eru best studdar með dæmum úr sögugerðunum.

Ein fyrsta breytingin sem blasir við í 510 er mynd Fjölnis, frillusonarins sem reiddist við bræðurna Áka og Pálni þegar þeir fengu meiri arf eftir Tóka föður þeirra en Fjölnir. Í öllum sögugerðum er ljóst að vegna rógburðar Fjölnis við Harald konung, lætur konungur drepa Áka. Í 510 er lögð aukin áhersla á þetta hlutverk Fjölnis og ekki fer á milli mála hvaða mann hann hefur að geyma. Þegar Fjölnir hvetur Harald til þess að koma Áka fyrir kattarnef mælir hann: „eg vil yður heilráður vera þótt skyldur maður eigi hlut í; og eigi muntu einkóngur vera yfir Danaveldi, meðan Áki er á lífi.“ Sögumaður bætir við: „En með því að kóngur var talhlýðinn og eigi djúpsær, enn Fjölnir var bæði slægur og illgjarn, þá leggur kóngur trúnað á það, er Fjölnir ló.“³⁸ Frá þessu er sagt í 291: „Fjölnir segir svo Haraldi konungi, að hann mundi eigi þykja einn konungur yfir Danmörku meðan Áki Tókason væri uppi, bróðir hans. Og svo gat hann um talið fyrir konunginum loks, að eigi gerist óhætt með þeim Áka og Haraldi konungi“ (101) og Perg 7 fylgir 291 nánast orðrétt.

Þessi stutta efnisgrein er athyglisverð á margan hátt. Í fyrsta lagi er samtal Fjölnis og konungsins sviðsett með beinni ræðu í 510 en hvorki í 291 né Perg 7. Í öðru lagi er lögð aukin áhersla á að Fjölnir sé illur og slægur, sem kemur fram í öllum gerðum þegar hann er kynntur til sögunnar en ekki endurtekið nema í 510. Í þriðja lagi er konungurinn sagður „talhlýðinn og eigi djúpsær“ og nokkru áður segir einnig í 510: „konungur var eigi djúpsættur“ (4). Þessi orð um konunginn er ekki að finna í öðrum gerðum þó að viðtakendur kunni að hafa dregið slíkar ályktanir af óbeinum lýsingum.

Síðasta verk Fjölnis stækkar einnig hlutverk hans í 510. Pálnatóki drepur Fjölni í erfidrykkjunni eftir Harald í öllum gerðum en aðdragandi þess að Sveinn uppgötvar að það var Pálnatóki sem drap föður hans er ólíkur. Í 291 segir: „þá er þess við getið, að Fjölnir víkur að konunginum

38 *Jómsvíkinga saga (efter Cod. Am. 510, 4to)*, 5; stafsetning samræmd. Héðan í frá er vísað til þessarar útgáfu með blaðsíðutali í sviga aftan við beinar tilvitnanir í 510.

og talar við hann nokkura hríð hljótt. Konungurinn brá lit við og gerir rauðan á að sjá og þrútinn“ (125). Perg 7 segir frá á svipaðan hátt: „Fjöltnir hneigðisk at konungi ok talaði við hann hljótt um hríð. Konungr brá lit við ok gørði rauðan sem blóð“ (15). Í 510 eru viðtakendur ekki látnir velkjast í vafa um hvað Fjöltni og konungi fer á milli þó að sú skýring komi raunar nokkru fyrir erfið:

Fjöltnir kom á fund Sveins kóns og bauð honum sig til þjónustu sem föður hans; kóngr jatar því. Fjöltnir eldist ekki að illráðum, þótt hann væri mjög að aldri farinn. Fjöltnir mælti til kóns: „Vita skulu þér þá hluti, er yður er skylt að vita, þótt með leynd hafi farið um líflát Haralds kóns; og hefur Pálnatóki mikla vél að yður dregið, og það gekk honum til eflingar við yður að vera í svikum við föður þinn, og er Pálnatóki sannur hans banamaður, og mun ég það með vitni segja, og máttu eigi kóngr vera, ef þú hefnir eigi föður þíns; og lít hér á örína: þessi veitti honum svívirðilegan bana, og munu vera menn til vitnis, að ég segi það satt.“ Sveinn kóngr reiddist þá mjög við þetta; og síðan gjörðu þeir ráð sín, að kóngr skal bjóða Pálnátoka til veislu. Ætlar hann þá ekki lengur á fresta, því að þá átti að drepa Pálnátoka í þeirri veislunni, er hann drakk eftir föður sinn (22–23).

Höfundur 510 túlkar þannig nákvæmar persónu Fjölnis en höfundar hinna gerðanna og mynd hans verður nokkuð einhliða. Hið sama má segja um Harald Gormsson eins og kemur fram hér að framan þar sem sagt er berum orðum að vit hans risti ekki djúpt. Engar slíkar einkunnir koma fyrir um konunginn í 291 eða Perg 7 og það er túlkun viðtakenda sem ræður.

Sviðsetning atburða er einkennandi fyrir textann í 510. Samtöl eða bein ræða kemur fyrir þar sem í 291 og Perg 7 er óbein ræða. Viðræður Sveins og Fjölnis hér að framan eru gott dæmi um þennan mun. Má einnig nefna hvernig þetta einkenni birtist þegar Pálnatóki og Sveinn fara um Danmörku vegna konungaskipta. Í 291 segir: „Síðan fara þeir Pálnatóki og Sveinn báðir samt of alla Danmörk. Og hvar sem þeir komu, þá lætur Pálnatóki kveðja húsþings, og er Sveinn til konungs tekinn um alla Danmörk áður en þeir létti“ (121–122) og í Perg 7: „Síðan fóru þeir báðir ok kveðja þings: var þá Sveinn til konungs tekinn yfir alla Danmörk“ (14).

Í 510 er frásögnin rækilegri, viðtakendur heyra ræðu Pálnatóka á þingi og viðbrögð þegna landsins þegar hann tilkynnir erindi þeirra:

Síðan var stefnt fjölmennt þing í Jótlandi og í Vébjörgum, og sótti þangað víða af Danmörk [allri] þetta þing mikið fjölmenni. Pálnatóki talaði snjallt erindi á þinginu og segir mönnum kunnigt vera mundi fráfall Haralds kóngs „og hefir hans ríki lengi verið yfir þessu landi; er það nú maklegt“ segir Pálnatóki, „að sá ráði nú ríkinu eftir hann liðinn, er áður hefur lengi án verið. En þó Sveinn hafi nokkuð af gjört við yður, vill hann það nú allt bæta yður, sem áður hefir hann brotið, og þótt nokkuð hafi orðið harðleikið í hans tilgjörningum, er það þó vorkunnarmál fyrir sumra hluta sakir; en nú vill hann með öllu vingast við yður.“ Þá svara menn hans máli, að margir þóttust harðindi fengið hafa af Sveini; báðu þeir, að Pálnatóki gjörðist höfðingi yfir ríkinu; þeir sögðu hann best til fallinn. Pálnatóki segir það eigi eiga að vera og kveðst vilja heldur styrkja Svein til ríkis; og með ráði Pálnatóka taka Danir, þeir er þar voru á þinginu, Svein til kóngs yfir Danmörk, og hvar sem þeir fóru, var Sveinn til kóngs tekinn um alla Danmörk, áður þeir fóru í burt (21–22).

Í ljósi þessara atburða verður fyrirskipun um dráp Pálnatóka í erfinu kaldrifjadhri en í öðrum gerðum því að hér á Sveinn tign sína alfarið Pálnatóka að þakka. Fleiri dæmi smærri má tína til sem sýna sköpunina í sögugerð 510 í samanburði við 291:

AM 510 4to

- a) Nú verður fyrst að segja frá Pálnatóka, að hann býst heiman og Björn hinn breski með honum. Þá mælti Ólof, kona Pálnatóka: „Svo segir mér hugur um, að við munum eigi sjást síðan.“ Pálnatóki kvað það eigi mundu fyrir standa för sinni, „og er Sveini kóngi mál að vita hið sanna um líflát föður síns, þótt ég munda kjósa, að kóngur hefði annan ráðgjafa en Fjölni“ (25).

AM 291 4to

En nú verður að segja frá Pálnatóka, að hann býst heiman og Björn hinn breski (124).

- b) Sveinn kóngur biður Þórgunnu til handa Áka, fóstbróður sínum; og með því að Áki var friður maður sýnum og vinsæll, þótti Véseta og sonum hans líklegt þetta ráð til styrktar. Þá er Áka fóstnuð konan og síðan er gjört brúðhlaup þeirra veglegt með miklu fjölmenni; sat Sveinn kóngur að veislunni og margir göfugir menn. En eftir veisluna fer Sveinn kóngur heimleiðis og svo hver annarra manna. Áki fer og heim með konu sína (31).
- Sveinn konungur bað hennar til handa Áka syni Pálnatóka, og var hún gift honum (131).
- c) Samfarir þeirra Áka og Þórgunnu voru góðar og er þau höfðu eigi lengi á samt verið þá gátu þau sér son að eiga, og var sá Vagn nefndur; hann var snemmendis bæði mikill vexti og sterkur að afli; hann var allra manna vænstur sýnum, og verður hans getið síðar meir við söguna; skal hér standa nú fyrst að sinni (31).
- Og brátt er þau höfðu saman gingið, þá áttu þau Áki sér son er Vagn er nefndur (131).
- d) Vagn var þá svo sterkur, að eigi fékk þá menn, að hans jafningar væri, þótt fullkomnir væri í allan þroska. Vagn var allra manna vænstur og friðastur að allri ásjónu, þeirri er menn höfðu séð, og um alla atgjörvi og íþróttir umfram aðra menn; og til vígs að telja mátti hann eftir sínu afli og atgjörvi, og eigi var hann minni að hug og áræði; en svo var hann harðfengur, að frændur hans þóttust varla mega við hann sæma (40).
- ...og er þá svo komið að menn þóttust trautt mega umb hræfa hans skaplyndi og ofsa. Hann gerist og svo illgerðasamur að öngu vætta vildi hann eira. Og nú þykjast hans frændur eigi vita hvað úr skyldi ráða þessu vandræði (143).

Breytingarnar sem orðið hafa á sögunni í 510 miðað við 291 og Perg 7 benda til að þær séu viðbætur af því tagi sem kallast *amplificatio* og hefur verið þýtt sem „stigmögnun“ eða „þensla“. William Ryding flokkar *amplificatio* í tvennt, retórískt og efnislegt.³⁹ Hið fyrra á við um viðbætur sem hafa ekki mikil áhrif á byggingu og atburðarás heldur segja frá sömu atburðum í lengra máli, samtöl eru fleiri og lýsingar orðmeiri. Efnislegar viðbætur eru aftur á móti þannig að byggingin verður önnur, nýju efni er bætt við, annað hvort fléttað saman við söguna eða bætt við fremst eða aftast. Ryding bendir á að helstu heimildir um *amplificatio* á miðöldum séu ritgerðir um skáldskaparfræði sem eiga rætur að rekja til latínurita. Ryding fjallar meðal annars um þróun *amplificatio* og segir:

Of course, the word *amplificatio* did not, for the classical writers, have anything to do with the lengthening of a narrative. On the contrary, its application seems to have been strictly limited to the manner of presenting an idea, giving it grandeur and magnitude, exalting its importance, or heightening its effect. But the rules for amplification, originally intended to give fullness to an exposition, were ultimately applied to narrative and came to mean spinning out the story, lengthening, widening, and heightening, stuffing it out with the full complement of rhetorical devices.⁴⁰

Síðar í sama riti fjallar Ryding um lengd miðaldasagna og segir: „the general idea was simply to make a story longer and more effective by providing more in the way of circumstantial detail.“⁴¹ Skilgreiningar Rydings á *amplificatio* má vel heimfæra á þá þróun sem virðist hafa orðið á *Jómsvíkinga sögu* og birtist í þeirri gerð sem er varðveitt í 510 líkt og dæmin úr textanum hér að framan sýna. Þetta bendir eindregið til að sögugerðin í 510 sé ekki aðeins varðveitt í yngsta handritinu heldur sé aukinheldur yngri gerð en Perg 7 og 291. Styttning gerðarinnar í Perg 7 sýnir þannig andstæða hneigð, því að eins og sýnt var hér áður bendir samanburður hennar við 291 til þess að textinn hafi verið stytur.

Til samanburðar við þessa niðurstöðu má nefna fleiri sögur sem varðveittar eru í fleiri en einni gerð. *Sigurðar saga þögla* er ein slíkra sagna

39 William Ryding, *Structure in Medieval Narrative* (Haag: Mouton, 1971), 65–66.

40 Sama rit, 66.

41 Sama rit, 79.

og Matthew Driscoll hefur fært sannfærandi rök fyrir því að lengri gerðin fylgi lögmálum *amplificatio*.⁴² Driscoll gefur fjölmörg dæmi úr handritunum AM 596 4to (styttri gerð) og AM 152 fol. (lengri gerð) sem styðja mál hans og sýna að bæði efni og orðalag benda til að lengri gerðin sé aukin útgáfa styttri gerðarinnar. Hið sama má segja um *Örvar-Odds sögu* en svo vill til að elsta handrit hennar er einmitt Holm perg 7 4to og sú gerð er mun styttri en má finna í 15. aldar handritunum AM 343 a 4to og AM 471 4to. Oskar Bandle hefur gert ágæta grein fyrir þeirri þróun sem má finna milli gerðanna sem er að sumu leyti lík því sem hefur orðið í *Jómsvíkinga sögu* en einnig ber nokkuð á milli.⁴³ Ýmsar viðbætur má finna í lengri gerð *Örvar-Odds sögu* líkt og í *Jómsvíkinga sögu* í 510, til dæmis er sagt frá atburðum með fleiri orðum án þess að atburðarás breytist mikið og þá er lögð áhersla á að viðbætur skýri orsakasamhengi atburða betur en í eldri gerð. Þó er ákveðinn áherslumunur á hvers kyns viðbæturnar eru. Líkt og Bandle bendir á hefur í *Örvar-Odds sögu* verið skotið inn efni sem gerir frásögnina ýktari og fánæglegri; ævintýrum með yfirnáttúrulegum blæ hefur fjölgað. Aftur á móti eru samtöl stundum styttri í yngri gerð en eldri eða frásögnin orðríkari án þess að inntak dýpki.⁴⁴ Þetta er andstætt því sem hefur orðið í 510 þar sem samtöl eru fleiri en í eldri gerðum og þegar kemur til dæmis að þætti Fjölnis og persónulýsingu Haralds Gormssonar hafa viðbæturnar dýpkað efnið miðað við eldri gerðir.

Gísla saga Súrssonar er einnig gott dæmi um sögu sem er varðveitt í fleiri en einni gerð. Hefð er fyrir því að fjalla um lengri og styttri gerð sögunnar en að auki hefur verið til þriðja gerð sögunnar sem er aðeins varðveitt í

42 Sjá Matthew James Driscoll, „Introduction,“ *Sigurðar saga þóglá: The Shorter Redaction*, útg. Matthew James Driscoll (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1992), xcvi–cxiii.

43 Oskar Bandle, „Um þróun *Örvar-Odds sögu*,“ *Gripla* 7 (1990): 51–71.

44 Oskar Bandle, „Um þróun *Örvar-Odds sögu*,“ 61–63. Sjá einnig t.d. Hans Jacob Orning, „Örvar-Oddr og senmiddelalderens adelskultur,“ *The Legendary Sagas. Origins and Development*, ritstj. Annette Lassen, Agneta Ney og Ármann Jakobsson (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2012), 291–321 og enn fremur Hans Jacob Orning, *The Reality of the Fantastic. The Magical, Political and Social Universe of Late Medieval Saga Manuscripts* (Odense: University Press of Southern Denmark, 2017), 269–299. Hér er ekki rými til þess að fjalla nánar um *Örvar-Odds sögu* en í ljósi þess að styttri gerð sögunnar er í sama handriti og stutt gerð *Jómsvíkinga sögu* er rík ástæða til þess að kanna handritið betur í þessu tilliti. Ég þakka ritrýni fyrir þessa góðu ábendingu.

broti.⁴⁵ Emily Lethbridge hefur meðal annars borið saman gerðirnar og bendir á að þær breytingar sem orðið hafa á textanum frá einni gerð til annarrar hljóti að skýrast af því að skrifarar hafi endurskoðað söguna eftir eigin höfði. Hún bætir við:

Such conscious alterations to an exemplar might have been effected at any time by any number of individual copyists, perhaps in order to make the *Gísla saga* narrative more meaningful in its contemporary context for an audience, or to make it conform to an individual copyist's or potential audience's sense and expectations of the narrative with regard to its overall coherence, style and/or thematic interest.⁴⁶

Vésteinn Ólason og Þórður Ingi Guðjónsson hafa einnig bent á í umræðu um *Gísla sögu* að skrifarar hafi getað staðið frammi fyrir ýmsum vandamálum líkt og rannsakendur í dag; þeir hafi mögulega haft aðgang að munnlegum og skriflegum heimildum sem stönguðust á og valið úr eða fléttað saman. Þetta sé mikilvægt að hafa í huga þegar fjallað er um gerðir *Gísla sögu*.⁴⁷

Þessa umræðu um gerðir *Gísla sögu* má vel heimfæra á þá þróun sem orðið hefur á texta *Jómsvíkinga sögu* eins og hann birtist í 510. Áhugavert er að beina sjónum sínum að viðtakendum og velta upp, líkt og Lethbridge gerir, hvort að breytingar á textanum beri smekk áheyrenda og lesenda vitni. Sverrir Tómasson vakti einmitt athygli á viðtökum í samanburði sínum á gerðum *Bandamanna sögu* og lagði áherslu á að frásagnirnar varpi

45 Sjá nánar, Emily Lethbridge, „*Gísla saga Súrssonar*: Textual Variation, Editorial Constructions and Critical Interpretations,” *Creating the Medieval Saga: Versions, Variability and Editorial Interpretations of Old Norse Saga Literature*, ritstj. Judy Quinn og Emily Lethbridge (Odense: Odense University Press, 2010), 127–134; sbr. einnig Þórður Ingi Guðjónsson, „Editing the Three Versions of *Gísla saga Súrssonar*,” *Creating the Medieval Saga: Versions, Variability and Editorial Interpretations of Old Norse Saga Literature*, ritstj. Judy Quinn og Emily Lethbridge (Odense: Odense University Press, 2010), 107–113.

46 Lethbridge, „*Gísla saga Súrssonar*: Textual Variation, Editorial Constructions and Critical Interpretations,” 149.

47 Vésteinn Ólason og Þórður Ingi Guðjónsson, „Sammenhængen mellem tolkninger og tekstversioner af *Gísla saga*,” *Den fornordiska texten i filologisk och litteraturvetenskaplig belysning*, ritstj. Kristinn Jóhannesson, Karl G. Johansson og Lars Lönnroth (Gautaborg: Göteborgs universitet, 2000), 108.

ekki síður ljósi á njótendur frásagnarinnar en þá sem skrifa eða semja.⁴⁸ Hann færir góð rök fyrir því að viðtakendur skýri þann mun sem finna má á gerðum *Bandamanna sögu*. Því er rökrétt að spyrja hvernig viðtakendur, þar með taldir einstakir skrifarar, hafa haft áhrif á þróun uppskrifta *Jómsvíkinga sögu*.

Á sextánda öld hefur bókmenntaumhverfi Íslendinga breyst talsvert frá þeirri þrettánda. Uppskriftum á rómönsum og fornaldarsögum fjölga mikið eftir 1400 og still þeirra kann vel að hafa haft áhrif á bókmenntastíl í uppskriftum eldri sagna.⁴⁹ Í *Jómsvíkinga sögu* í 510 er ljóst að ef miðað er við sögugerð frá 13. öld hefur textinn verið bættur, einkum með smáatriðum og samtölum. Ekki er útilokað að höfundur eða höfundar gerðarinnar hafi haft úr fjölbreyttari heimildum að velja en eldri sagnaritarar. Líkt og fyrr er getið varðveitir 510 meiri kveðskap en aðrar gerðir sögunnar sem bendir til að honum hafi verið bætt við á einhverju stigi í uppskriftum sögunnar.⁵⁰ Almenn hefur breytileikinn ekki stórvægileg áhrif á gang mála en dregur persónur og atburði skarpari dráttum. Þetta getur vísað til væntinga áheyrendahóps sem hefur í hávegi myndrænar lýsingar og sviðsetningu. Persónur Fjölnis og Haralds Gormssonar í 510 geta enn fremur bent til kröfu um berorðari lýsingar, ekki dugi að gefa í skyn eða tala undir rós.

5. Niðurstaða

Rannsóknir á textageymd *Jómsvíkinga sögu* hafa jafnan haft það markmið að rekja sem nákvæmast einstakar orðabreytingar og útskýra þróun textans til þess að varpa ljósi á uppruna sögunnar og mögulegan frumtexta hennar. Aldrei hefur ríkt eining um niðurstöðuna og hugmyndir um hvernig eigi

48 Sverrir Tómasson, „*Bandamanna saga* og áheyrendur á 14. og 15. öld,“ *Skírnir* 167 (1977): 97–117.

49 Um elstu uppskriftir, þýðingar og endurritun rómansa má t.d. lesa hjá Marianne Kalinke sem í nýlegri bók bendir á hvernig orðaförði, sviðsetning og samtöl taka breytingum þegar rómönsur eru skrifaðar upp eftir eldri gerðum, sjá Marianne Kalinke, *Stories Set Forth with Fair Words* (Cardiff: University of Wales Press, 2017). Um bókmenntir, sérstaklega rómönsur, í sögulegu samhengi á fimmtánda og sextánda öld sjá t.d. Jürg Glauser, *Isländische Märchensagas: Studien zur Prosaliteratur im spätmittelalterlichen Island* (Basel: Helbing & Lichtenhahn, 1983), 50–60 og 219–233.

50 Sjá t.d. Judith Jesch, „*Jómsvíkinga Sögur* and *Jómsvíkinga Drápur*: Texts, Contexts and Inter-texts,“ *Scripta Islandica* 65 (2014): 85–89.

að setja fram stemma varðveittra gerða eru fjölbreyttar. Fyrri rannsóknir á textanum hafa ekki beinst að efnisatriðum eins og hér hefur verið gert en sá samanburður gefur betri mynd af möguleikum til túlkunar en stemma handrita. Þegar gerðirnar þrjár sem hér hafa verið til umfjöllunar eru teknar saman geta þær borið vitni ólíkum væntingum og kröfum viðtakenda sögunnar frá þrettándu öld til þeirrar sextándu. Perg 7 bendir til kröfu um stutta, hnitmiðaða og hlutlæga sögu. Borin er virðing fyrir konungum og sneitt hjá frásögnum eða smáatriðum sem geta sýnt valdhafa í neyðarlegu ljósi. Í 291, sem er líkast til eldri gerð og varðveitt í eldra handriti, er ekki endilega hirt um virðingu fyrir valdinu og gamanið er alvörunni sterkara. Þegar komið er fram á sextándu öld er 291 orðin „stutt“ gerð og 510 varðveittur aukinn og túlkaðan texta. Sumt sem er aðeins gefið í skyn í öðrum gerðum er sagt fullum fetum þar. Persónulýsingar eru skarpri, sviðsetningar fleiri og líklegt að stuðst hafi verið við fleiri heimildir en í öðrum gerðum.

Varðveittar gerðir *Jómsvíkinga sögu* veita þannig dýrmæta innsýn í hugmyndir manna um sagnatexta á miðöldum og hvernig þeir voru breytingum háðir. Ekki er til einhlítt svar við því hvers vegna slíkar breytingar verða á einni sögu en þær hljóta að endurspegla að einhverju marki viðtakendur, smekk þeirra og væntingar. Litlar sem engar heimildir eru til um það hver viðbrögð áheyrenda íslenskra miðaldasagna voru við einstökum sögum. Varðveisla sagna og ályktanir um hana gefa helstu vísbendingar og í þessum efnum er þróun *Jómsvíkinga sögu* afar mikilvæg vegna þess að varðveislu hennar er hægt að rekja í þremur sjálfstæðum gerðum frá miðöldum.

HEIMILDIR

HANDRIT

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík

AM 510 4to

GKS 1005 fol. (*Flateyjarbók*)

Den Arnemagnæanske Samling, Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab, Københavns Universitet, Kaupmannahöfn

AM 61 fol.

AM 291 4to

AM 310 4to

AM 580 4to

Kungliga biblioteket, Stokkhólm

Holm Perg 7 4to

FRUMHEIMILDIR

Jómsvíkinga saga (efter Cod. Am. 510, 4to) samt Jómsvíkinga drápa. Útg. Carl af Petersens. Lundur: Gleerup, 1879.

Jómsvíkinga Saga: Efter Skinnboken 7, 4to å Kungl. Biblioteket i Stockholm. Útg. Gustaf Cederschiöld. Lundur, 1875.

Jómsvíkinga saga. The Saga of the Jomsvikings. Útg. N. F. Blake. London: Thomas Nelson, 1962.

Jómsvíkinga saga. Útg. Ólafur Halldórsson. Reykjavík: Prentsmiðja Jóns Helgasonar, 1969.

Ólafs saga Tryggvasonar eptir Odd munk Snorrason. Íslenzk fornrit 25. Útg. Ólafur Halldórsson. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 2006.

Saxo Grammaticus. *Gesta Danorum. Danmarkshistorien* 1–2. Útg. Karsten Friis-Jensen, þýð. Peter Zeeberg. Kaupmannahöfn: Gads forlag, 2005.

FRÆÐIRIT

Bandle, Oskar. „Um þróun Örvar-Odds sögu.“ *Gripla* 7 (1990): 51–71.

Berman, Melissa. „The Political Sagas.“ *Scandinavian Studies* 57 (1985): 113–129.

Bjarni Aðalbarnarson. *Om De Norske Kongers Sagaer.* Norske Videnskaps-akademi i Oslo. II, Historisk-filosofisk Klasse. Skrifter. Oslo: Dybwad, 1937.

Blake, N.F. „Introduction.“ *Jómsvíkinga saga. The Saga of the Jomsvikings.* Útg. N. F. Blake. London: Thomas Nelson, 1962.

- Driscoll, Matthew James. „Introduction.“ *Sigurðar saga þögla: The Shorter Redaction*. Útg. Matthew James Driscoll, i–clxvi. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1992.
- Finnur Jónsson. *Den Oldnorske og Oldislandske Litteraturs Historie*. 2. útg. Kaupmannahöfn: Gad, 1920.
- Foote, Peter. „Notes on Some Linguistic Features in AM 291 4to: (*Jómsvíkinga Saga*).“ *Íslensk tunga*, 1959: 26–46.
- Gjessing, G. A. „Forord,“ *Jómsvíkinga-saga i latinsk oversættelse af Arngrim Jonsson*. Útg. G. A. Gjessing, i–xvii. Kristianssand, 1877.
- Glauser, Jürg. *Isländische Märchensagas: Studien zur Prosaliteratur im spätmittelalterlichen Island*. Basel: Helbing & Lichtenhahn, 1983.
- Gödel, Vilhelm. *Katalog öfver Kongl. bibliotekets fornisländska och fornorska handskrifter*. Stokkhólmur, 1897–1900.
- Hempel, Heinrich. „Die Formen der *Jómsvíkinga saga*,“ *Arkiv för nordisk filologi* 39 (1923): 1–58.
- Hollander, Lee M. „Studies in the *Jómsvíkingasaga*.“ *Arkiv för nordisk filologi* 33 (1917): 193–222.
- Hreinn Benediktsson. *Early Icelandic Script: As Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*. Íslensk handrit, 2. Reykjavík: Manuscript Institute of Iceland, 1965.
- Indrebø, Gustav. *Fagskinna*. Avhandlingar fra Universitetets historiske seminar 4. Kristjánía, 1917.
- Jakob Benediktsson. *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta* 4. Bibliotheca Arnarnagnæana 12. Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1957.
- Jón Helgason. „Nokkur íslensk handrit frá 16. öld.“ *Skírnir* 106 (1932): 143–168.
- Jesch, Judith. „*Jómsvíkinga Sögur* and *Jómsvíkinga Drápur*: Texts, Contexts and Intertexts.“ *Scripta Islandica* 65 (2014): 81–100.
- Kalinke, Marianne. *Stories set Forth with Fair Words*. Cardiff: University of Wales Press, 2017.
- Kålund, Kristian. *Katalog over Den Arnarnagnæanske Håndskriftsamling I*. Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1889.
- Karl Ó. Ólafsson. „Þrír feðgar hafa skrifað bók þessa ...“ Um þrjár rithendur í AM 510 4to og fleiri handritum.“ MA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2006.
- Larsen, Sofus. „Jomsborg, dens Beliggenhed og Historie.“ *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie* III (1927–1928): 1–106.
- Lárus H. Blöndal. *Um uppruna Sverrisögu*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1982.
- Lethbridge, Emily. „*Gísla saga Súrssonar*: Textual Variation, Editorial Constructions and Critical Interpretations.“ *Creating the Medieval Saga: Versions, Variability and Editorial Interpretations of Old Norse Saga Literature*. Ritstj. Judy Quinn og Emily Lethbridge, 123–152. Odense: Odense University Press, 2010.

- Megaard, John. „Studier i Jónsvíkinga sagas stemma: Jónsvíkinga sagas fem redaksjoner sammanlignet med versjonene i *Fagrskinna*, *Jónsvíkingadrápa*, *Heimskringla* og Saxo.“ *Arkiv för nordisk filologi* 115 (2000): 125–182.
- Miller, D. A. *The Epic Hero*. Baltimore: Johns Hopkins University Press, 2000.
- Mogk, Eugen. *Geschichte der Norwegisch-Isländischen Literatur*. Strassburg: Trübner, 1904.
- Mundal, Else. „Modes of Authorship and Types of Text in Old Norse Culture.“ *Modes of Authorship in the Middle Ages*. Ritstjóri Slavica Ranković, 211–226. Toronto: Pontifical Institute of Mediaeval Studies, 2012.
- Orning, Hans Jacob. „Orvar-Oddr og senmiddelalderens adelskultur.“ *The Legendary Sagas. Origins and Development*. Ritstj. Annette Lassen, Agneta Ney og Ármann Jakobsson, 291–321. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2012.
- . *The Reality of the Fantastic. The Magical, Political and Social Universe of Late Medieval Saga Manuscripts*. Odense: University Press of Southern Denmark, 2017.
- Ólafur Halldórsson. *Helgafellsbækur fornar*, *Studia Islandica*, 24. Reykjavík: Heimspékideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1966.
- . „Inngangur.“ *Jónsvíkinga saga*. Útg. Ólafur Halldórsson, 7–57. Reykjavík: Prentsmiðja Jóns Helgasonar, 1969.
- . *Danish Kings and the Jomsvikings in the Greatest Saga of Óláfr Tryggvason*. London: Viking Society for Northern Research, 2000.
- Petersens, Carl af. „Förord.“ *Jónsvíkinga saga efter Arnarnagnaanska handskriften n:o 291 4to*. Kaupmannahöfn: 1882.
- Poole, Russell. „(Introduction to) Tindr Hallkelsson, *Hákonardrápa*.“ *Poetry from the Kings' Sagas: From Mythical Times to c. 1035*. *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages* 1. Útg. Diana Whaley, 336. Turnhout: Brepols, 2012.
- Rowe, Elizabeth Ashman. *The Development of Flateyjarbók. Iceland and the Dynastic Crisis of 1389*. Odense: The University Press of Southern Denmark, 2005.
- Ryding, William. *Structure in Medieval Narrative*. Haag: Mouton, 1971.
- Stefán Karlsson. „Bókagerð Ara lögmanns Jónssonar.“ *Gripla* 19 (2008): 7–29.
- Storm, Gustav. „Om redaktionerne af Jomsvingasaga.“ *Arkiv för nordisk filologi* I (1883): 235–248.
- Sverrir Tómasson. „*Bandamanna saga* og áheyrendur á 14. og 15. öld.“ *Skírnir* 167 (1977): 97–117.
- . „Er nýja textafræðin ný?“ *Gripla* 13 (2002): 199–216.
- . „*Höfundr—Skáld*: Author, Compiler, and Scribe in Old Norse Literature.“ *Modes of Authorship in the Middle Ages*. Ritstj. Slavica Ranković, 236–250. Toronto: Pontifical Institute of Mediaeval Studies, 2012.
- Torfi H. Tulinius. *The Matter of the North*. Þýð. Randi C. Eldevik. Odense: Odense University Press, 2002.
- Vésteinn Ólason og Þórður Ingi Guðjónsson. „Sammenhængen mellem tolkninger og tekstversioner af *Gísla saga*,“ *Den fornordiska texten i filologisk och littera-*

- turvetenskaplig belysning*. Ritstj. Kristinn Jóhannesson, Karl G. Johansson og Lars Lönnroth, 96–120. Gautaborg: Göteborgs universitet, 2000.
- Pórdís Edda Jóhannesdóttir. „Jómsvíkinga saga. Sérstaða, varðveisla og viðtökur.“ Doktorsritgerð, Háskóli Íslands, 2016.
- Pórdís Edda Jóhannesdóttir og Veturliði Óskarsson. „The Manuscripts of *Jómsvíkinga saga*.“ *Scripta Islandica* 65 (2014): 9–29.
- Pórður Ingi Guðjónsson. „Editing the Three Versions of *Gísla saga Súrssonar*.“ *Creating the Medieval Saga: Versions, Variability and Editorial Interpretations of Old Norse Saga Literature*. Ritstj. Judy Quinn og Emily Lethbridge, 105–121. Odense: Odense University Press, 2010.

SUMMARY

Three Versions of *Jómsvíkinga saga*

Keywords: *Jómsvíkinga saga*, textual variation, AM 291 4to, Holm perg 7 4to, AM 510 4to

Jómsvíkinga saga is amongst the oldest Icelandic saga texts. It was most likely written early in the thirteenth century, perhaps as early as around 1200. The saga has been preserved in four different versions from the Middle Ages in four vellum manuscripts: AM 291 4to, Holm perg 7 4to, *Flateyjarbók* and AM 510 4to. In *Flateyjarbók* it has been adapted to the saga of Ólafur Tryggvason in two parts. Various scholars have made attempts to trace the relationships between the preserved redactions by comparing them thoroughly, putting forward hypotheses on how the texts may have developed and forming a *stemma codicum*. In this article, it is argued that such methods cannot describe the redactions sufficiently and the redactions need to be valued separately. A comparison of the content of the three independent versions shows that the development of *Jómsvíkinga saga* can be a testament to scribal ideas as well as to the expectations of the audience. Perg 7 suggests that the redactor, and possibly the audience in his environment, expected a saga that was apposite and objective; the king is respected and stories that may humiliate the ruler are not included. The slightly older AM 291 4to, however, places less value on such respect; entertainment is at more of a premium than deference to the king. In AM 510 4to, which is dated to the sixteenth century, the text has been augmented with details, direct speech and conversations that do not alter the course of events significantly but create more vivid images of people and events and make explicit what older versions had hinted at more obliquely.

ÁGRIP

Þrjár gerðir Jónsvíkinga sögu

Lykilorð: *Jónsvíkinga saga*, breytileiki, AM 291 4to, Holm perg 7 4to, AM 510 4to

Jónsvíkinga saga er meðal elstu íslensku sagnatexta og var að öllum líkindum skrifuð fyrst snemma á 13. öld, jafnvel þegar um 1200. Sagan er varðveitt í fjórum ólíkum gerðum frá miðöldum í jafnmörgum skinnhandritum, AM 291 4to, Holm perg 7 4to, *Flateyjarbók* og AM 510 4to. Í *Flateyjarbók* hefur sagan verið löguð að *Ólafs sögu Tryggvasonar* í tveimur hlutum. Ýmsir hafa reynt að skýra og rekja samband varðveittra gerða með því að bera texta þeirra saman og setja fram kenningar um stemma handrita. Í þessari grein eru færð rök fyrir því að sú aðferð lýsi sambandi gerðanna ekki nægjanlega vel og að þær þurfi að meta sem sjálfstæðar einingar. Samanburður á efni þriggja sjálfstæðra gerða sögunnar sýna að þróun *Jónsvíkinga sögu* getur borið vitni um hugmyndir skrifara á ólíkum tíma sem og veitt innsýn í væntingar viðtakenda. Perg 7 bendir til að skrifari og mögulega viðtakendur í hans nánasta umhverfi hafi gert kröfur um hnitmiðaða og hlutlæga frásögn; virðing er borin fyrir konungum og frásögnum sem geta sýnt yfirvaldið í neyðarlegu ljósi er sleppt. Gerðin í AM 291 4to sem er aðeins eldri sýnir annars konar tilhneigingu og sagnaskemmtun virðist sett skör ofar en virðing fyrir konungsvaldi. Í AM 510, sem er ritað á 16. öld, hefur sagan verið aukin með ýmsum smáatriðum, beinni ræðu og samtölum sem breyta ekki atburðarás stórkostlega en draga upp skýrari mynd af atburðum og persónum. Það sem er aðeins gefið í skyn í eldri gerðum er sagt fullum fetum þar.

Þórdís Edda Jóhannesdóttir

Nýdóktor

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Árnagarði við Suðurgötu

IS-101 Reykjavík

thj11@hi.is